

Hólmavík 23.maí 2024

Ágæta sveitastjórn.

Mitt hjartansmál er félagsstarf aldraðra í Strandbyggð. Aðstaða til fínlegri vinnu hefur verið, og er góð, í félagsheimilinu þar sem húsnæði var breytt með þessa þjónustu í huga. Aðstaða fyrir grófari vinnu, eins og með timbur allskonar, var startað í smíðastofu Grunnskólans. Sú aðstaða var ágæt en miðaðist jú alltaf að þörfum nemenda og starfsfólks skólans. Eftir að myglan kom upp í skólanum og honum lokað hefur aðstaða fyrir þessa vinnu verið af mjög skornum skammti. Með þessu bréfi langar mig að vekja athygli ykkar á hvort vallarhúsið, gámarnir á skólalóðinni, gæti hentað undir félagsstarfið þegar hlutverki þeirra fyrir skólann lýkur. Ég hef sjálf ekki komið inn í þessi hús svo ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvort allt starfið myndi rúmast þar eða bara grófvinnan.

Gaman væri að geta gert aðstöðu fyrir aldraða, félagsmiðstöð þar sem þau ein hefðu aðgang að ásamt leiðbeinendum. Það gæti ýtt undir fjölbreyttara og meira starf þessum dýrmætu borgurum til handa.

Einnig vil ég þakka sveitafélaginu fyrir alla þá góðu vinnu og hlýhug sem starfinu hefur verið sýnt í gegnum árin.

Virðingarfyllgst



Leiðbeinandi félagsstarfs